

Reglur Heilsuleikskólans Kærabæjar vegna veikinda barna

Veikindi barns

Mikilvægt er að barnið hafi náð fullum bata áður en það kemur aftur í leikskólann.
Magapest: Ef barnið er með uppköst og/eða niðurgang verður það að vera heima í sólarhring frá síðustu einkennum.

Hiti: Barnið þarf að vera hitalaust í sólarhring áður en það kemur aftur í leikskólann.

Augnsýking: Barnið þarf að vera heima í sólarhring frá fyrsta lyfjaskammti við augnsýkingunni.

Innivera eftir veikindi

Best er að barnið hafi náð fullum bata eftir veikindi svo það geti tekið fullan þátt í starfi skólans. Við tökum ekki á móti börnum sem þurfa að vera inni vegna þess að þau eru *alveg að verða veik*. Börn eru smitberar á þeim tíma og geta því smitað önnur börn. Læknar hafa staðfest að börn verða ekki veik af því að vera úti í fersku lofti og að börnum með kvef verður ekki meint af því. En eftir veikindi er ætlast til að börn séu búin að vera hitalaus í a.m.k. sólahring og orðin hress, til að geta þá fengið að vera inni í 1 daga á leikskólanum, svo framarlega sem veikindi hafa verið tilkynnt skólanum.

Hér er ágætis tengill á síðu með yfirliti yfir helstu smitsjúkdóma barna <https://www.hsn.is/static/files/Skr/yfirlit-yfir-helstu-smitsjukdoma-barna.pdf>

Lyfjagjöf í leikskólanum

Lyf eru ekki gefin í leikskólanum nema ef um er að ræða astma-, ofnæmis- og ofvirknilyf í leikskólum og þá eftir skriflegum fyrirmælum frá lækni. Lyfin eru geymd á öruggum stað. Fúkkalyf sem börn taka í stuttan tíma á ekki að þurfa að gefa í skólanum. Að sögn lækna er nóg að gefa slík lyf með mjólk að morgni, þegar komið er heim og fyrir svefn. Reglur þessar eru settar til að stuðla að öryggi barna í leikskóla. Samkvæmt þessu megum við ekki gefa börnum önnur lyf en fyrr greinir og biðjum við foreldra að virða það.